

AUGLÝSING um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Vesturgata 30.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 1. júní 2017, breytingu á deiliskipulagi Nýlendureits vegna lóðarinnar nr. 30 við Vesturgötu. Í breytingunni felst m.a. hækjun á nýtingarhlutfalli, að gera nýja byggingarreiti, að fjölda íbúðum úr 3 í 8, niðurrif á við-byggingu við íbúðarhús og niðurfelling á heimild til hækkanar þess, verndun pakkhus og verndun tveggja trjáa á lóðinni. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagsлага nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Kirkjusandur.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 30. ágúst 2017, breytingu á deiliskipulagi fyrir Kirkjusand. Breytingin nær í meginatriðum til staðsetningar og fjölda lóða fyrir djúpgáma. Útbúin er stærðartafla þar sem lóðir djúpgáma fá heiti, stærð og upplýsingar um hvaða íbúðarlóðum þeir tilheyra. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagsлага nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Fálkagötureitur vegna Þrastargötu 1 og 5.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 7. september 2017, breytingu á deiliskipulagi Fálkagötureits 1.553/1.554.2 (hluti) vegna Þrastargötu 1 og 5. Í breytingunni felst m.a. heimild til viðbyggingar á lóð og að fjarlægja skúr við Þrastargötu 5, Þrastargata 1 verður aftur hluti af sameiginlegri lóð Þrastargötu 1-11, Smyrlsvegur 29 og 31 stækkar og kvöð um gangstíga. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagsлага nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Nýlendugata 29.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 6. október 2017, breytingu á deiliskipulagi Nýlendureits, sem felst í breytingu á byggingarreit og skilmálum lóðarinnar nr. 29 við Nýlendugötu til samræmis við upphaflegar byggingarnefndarteikningar. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagsлага nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 12. október 2017.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 26. október 2017